



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Mólsnr.: 201907002
Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

10. JÚLÍ 2020

Málakvill: 19.3

Mosfellsbær
Umhverfissvið
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík 3. júlí 2020
MÍ202007-0010/ 6.09 / G.G.G.

Efni: Miðdalur Mosfellsbæ - deiliskipulag fyrir frístundabyggð

Með tölvubréfi dagsettu 2. júlí 2020 óskaði Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Miðfells. Á deiliskipulagsupprætti dags 7.5.2022 unnið af Hús og skipulag ehf, eru sýndar sex lóðir fyrir frístundahús. Hvorki deiliskipulagslýsing né deiliskipulagstillaga virðast hafa verið send Minjastofnun til umsagnar fyrr.

Samkvæmt 16. grein laga um menningarminjar nr. 80/2010 (minjalög) skal skráning menningarminja, fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi veitt til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Í 3. grein minjalaga er kveðið á um að hvers kyns mannvistarleifar sem eru 100 ára og eldri séu friðaðar. Í 29. grein segir að öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri séu friðuð og í 30. grein kemur fram að eigendum húsa og mannvirkja sem byggð voru 1925 eða fyrr sé skylt að leita álits Minjastofnunar ef á að breyta þeim flytja eða rífa.

Fyrir liggur skýrsla Ragnheiðar Traustadóttur/Antikva ehf: *Selvatn. Fornleifaskráning vegna breytingar á deiliskipulagi, (2019)*. Skráning fornleifa er í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 telst hún fullnægjandi fyrir afgreiðslu þessa skipulags.

Á deiliskipulagsupprætti kemur fram að hús standa nú á þremur lóðum en þær byggingar hafa ekki verið skráðar. Samkvæmt reglum Minjastofnunar um *skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019*, er kveðið á um að við gerð deiliskipulags skuli „skrá friðuð, friðlýst og varðveisluverð hús, húsasamstæður og mannvirki á deiliskipulagsreit í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu, sbr. einnig húsakönnun skv. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á deiliskipulagsupprætti skal sýna staðsetningu húsa og mannvirkja sem falla undir lög um menningarminjar

**Guðný Gerður
Gunnarsdóttir**
Minjavörður Reykjavíkur og
nág. gudnygerdur@minjastofnun.is

og umfang þeirra.“ Þar sem skráning húsa og mannvirkja hefur ekki farið fram hefur Minjastofnun ekki upplýsingar um hvort einhver hús og mannvirki falla undir ákvæði minjalaga. Óskað er eftir að Minjastofnun verði gerð verði grein fyrir því áður en deiliskipulag er samþykkt, sbr. 16. grein minjalaga.

Á deiliskipulagssvæðinu eru skráðar fornleifar:

Lóð H1. Leið [1977] og varða [1979].

Þessar minjar eru innan byggingarreits.

Lóð H2 Varða [1978].

Lóð I. Hleðsla [1976].

Samkvæmt 21. gr. grein laga um menningarminjar segir að fornleifum „*má enginn hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.*“

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Guðný Gerður Gunnarsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:

Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:

Mosfellsbær – umhverfissvið (mos@mos.is)

Anna Margrét Tómasdóttir (annamargret@mos.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds.

Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.